

Nr. 2/1899:

Mattias Mattiasson
 gegn
 W. Ó. Breiðfjörð.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði Mattias Mattiasson verzlunarstjóri gegn kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð fyrir meiðyrði í grein einni í 8. árg. 2. tölubl. blaðsins »Reykvíkingur«, sem út kom 1. febr. f. á., og var stefndi með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, gengnum 20. okt. f. á., dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi fyrir meiðandi og óvirðandi orð um áfrýjandann í hinni átöldu grein og til að greiða honum 10 kr. í málskostnað; hin saknæmu meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk.

Dómi þessum hefir Mattias Mattiasson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 10. janúar næstl. og krafist: *að* hin meiðandi og óvirðandi ummæli um hann verði dæmd dauð og ómerk, *að* sektar-ákvæði undirréttardómsins verði þyngd, og *að* stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi. Hinn stefndi hefir á hinn bóginn krafist þess, *að* hann verði dæmdur sýkn af kærnum áfrýjanda í þessu máli og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað.

Að því, er aðalefni málsins snertir, þá eru hin átöldu meiðyrði fólgin í áðurnefndri blaðagrein, og þar sem greinin er nafnlaus, ber stefndi, sem er útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins »Reykvíkingur«, ábyrgð á henni. Í greininni með fyr-

irsögninni »Dæmdir skuldaþrjótar« lýsir höfundurinn erfiðleikum, sem hann hafi átt með að ná inn skuld, sem áfrýjandi og annar maður áttu að sjá um borgun á. Kveðst hann eftir margar árangurslausar tilraunir, að fá skuldina borgaða, hafa höfðað mál á móti mönnum þessum og þeir verið dæmdir til að greiða hana; hafi hann þá lánað þeim eftirrit af dómnum, til að kynna sér hann, en þeir týnt honum fyrir sér og hann því orðið að kaupa sér nýtt eftirrit til að láta birta þeim. Um þessa framkomu áfrýjanda og féлага hans, hefir nú stefndi orð þau, sem auk tyrirsagnar greinarinnar eru átalín í greininni, sem sé: »Þessi lúalegi, lítilmensku vesallegi mótþrói« og »þessari krakkalegu, vanhugsuðu fásinnu flæmings undanfærslu«, og enn er þar átalíð, að peningapröngin (sem orsakaði undanfærsluna eða undandráttinn að borga skuldina), er sögð stafa af »gortaralegum þembingsskap og flónskulegri ófram-sýni forkólfanna«. Með því að engin ástæða er til að ætla, að áfrýjandi hafi ætlað að hliðra sér hjá að greiða stefnda rétta skuld, og með því að sérstaklega hér var að ræða um skuld, sem hann virðist eigi hafa verið að öllu einráður um, hvort og hvenær borguð yrði, þá verða ofangreind um-mæli stefnda um hann að álitast tilefnislaus, og þar sem þau eru mjög óvirðandi og móðgandi fyrir áfrýjandann, verður stefndi að sæta sektum fyrir þau samkvæmt kröfu áfrýjanda.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta bæjarþingsdóminn að því leyti hann dæmir framan-

talin móðgandi og óvirðandi ummæli stefnda um áfrýjanda dauð og ómerk og ber stefnda að greiða sekt til landssjóðs fyrir þau samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga, er þykir hæfilega ákveðin 40 kr., og komi í stað sektarinnar, ef hún eigi er öll greidd í tæka tíð, 10 daga einfalt fangelsi. Um málskostnað á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, og ber stefnda auk þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi W. Ó. Breiðfjörð greiði í sekt til landssjóðs 40 krónur, eða sæti til vara, ef sektin er eigi öll greidd í ákveðinn tíma, 10 daga einföldu fangelsi. Um ómerking meidyrða og málskostnað á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Stefndi greiði áfrýjanda Mattíasi verzlunarstjóra Mattíassyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 3/1899:

Réttvísinn

gegn

Markúsi Jósefssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukaréttar Reykjavíkurkaupstaðar, gengnum 4. jan. þ. á., var Markús Jósefsson dæmd-